



Nefndasvið Alþingis  
b.t. fjárlaganefndar  
Smiðju  
Tjarnargötu 9,  
101 Reykjavík  
sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 2. október 2024

## Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2025, 1. mál

Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands, Bandalag Háskólamanna, BSRB, Kennarasamband Íslands og Landssamtök lífeyrissjóða hafa tekið til umsagnar frumvarp til fjárlaga 2025, 1. mál. Umsögn þessi lýtur eingöngu að málefnasviði 30 í fjárlagafrumvarpinu varðandi framlag ríkisins til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. Þar segir:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áb.	2024	2025	2026	2027	Gildir til
<b>30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi</b>						
30.10 Vinnumál og atvinnuleysi		1.084	555	555	555	
VIRK starfsendurhæfingarsjóður .....	FRN	1.084	555	555	555	Ótímab.

Samkvæmt frumvarpinu verður árlegt framlag ríkisins til VIRK skert varanlega um tæp 50% frá og með árinu 2025. Undir kaflanum *Ráðstafanir til að draga úr útgjaldavexti* í fjárlagafrumvarpinu segir:

*Áhersla hefur verið lögð á að ná fram auknu hagræði í opinberum innkaupum og framlag ríkissjóðs til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs var lækkað um 600 m.kr., tímabundið í eitt ár, enda sjóðurinn vel fjármagnaður og hefur aðgerðin því ekki áhrif á þjónustu VIRK.*

Ósamræmis gætir því í texta frumvarpsins og því sem kemur fram undir málefnasviði 30 þar sem annars vegar er gert ráð fyrir ótímabundinni lækkun og hins vegar tímabundinni lækkun til eins árs. Hvort sem ætlunin er að skerða framlögin tímabundið eða ekki mótmæla samtökin harðlega fyrirhugaðri skerðingu á fjárframlögum til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs enda gengur hún í berhöggi við sett lög og gerða samninga. Skerðingin er sérstaklega gagnrýniverð í ljósi nýsamþykkrá breytinga á örorkulífeyriskerfinu þar sem megináherslan er á aukna



endurhæfingu og tækifæri til atvinnuþátttöku sem byggir að verulegu leyti á góðu aðgengi að starfsendurhæfingu. Það er varhugavert að skerða framlag til VIRK á þessum tímamarki þar sem árangur af breytingum á örorkulífeyriskerfinu mun byggja á þeirri þjónustu sem VIRK veitir og hefur á liðnum árum gefið góða raun. Þá skýtur það skökku við að skerðing þessi sé tilkomin, m.a. vegna fjármögnunar á nýju örorkulífeyriskerfi sem á sama tíma er ætlað að styrkja endurhæfingu til muna.

VIRK var formlega stofnað af aðilum vinnumarkaðarins í tengslum við kjarasamninga árið 2008 og gáfu stjórnvöld við það tilefni út yfirlýsingu um að starfsemin yrði fjármögnuð að þriðjungs hluta af ríkinu með framlagi sem næmi 0,13% af tryggingagjaldsstofni á móti framlagi frá atvinnurekendum og lífeyrissjóðum. Starfsemin var fyrstu árin eingöngu fjármögnuð með framlagi frá atvinnulífinu en Alþingi samþykkti árið 2012 lög nr. 60/2012 um atvinnutengda endurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða og hófu lífeyrissjóðir í framhaldinu greiðslu iðgjalds til fjármögnunar á starfsemi VIRK. Töf varð enn á aðkomu ríkisins að fjármögnun VIRK í samræmi við áður gefnar yfirlýsingar og lagaskyldu en ríkið hóf greiðslu iðgjalds sem nam 0,05% af tryggingagjaldsstofni árið 2017 í kjölfar samkomulags um að VIRK skyldi tryggja öllum einstaklingum með skerta starfsgetu aðgengi að atvinnutengdri endurhæfingu óháð því hvort þeir væru þátttakendur á vinnumarkaði eða ekki.

Í þessu samhengi er rétt að geta þess að VIRK tók yfir alla samninga sem ríkið hafði gert við starfsendurhæfingarstöðvar á árinu 2014. Fjárhæðir þessara samninga voru svipaðar og framlag ríkisins var til VIRK eftir að ríkið hóf að greiða 0,05% á árinu 2017. Á árunum 2014-2023 hefur VIRK hins vegar greitt um 1,3 milljarða. kr. meira fyrir þjónustu þessara aðila en sem nemur framlagi ríkisins til VIRK á sama tímabili.

Ríkið hefur frá árinu 2017 þannig fjármagnað sem nemur 20% af árlegum tekjum VIRK á móti lífeyrissjóðum og atvinnulífinu sem hafa greitt 40% hvor um sig. Atvinnulífið hefur þannig borið meginábyrgð á að fjármagna og koma á fót þessari mikilvægu starfsemi. Það ætti því fremur að vera markmið ríkisins að koma til móts við atvinnulífið með viðeigandi hætti, en að skerða framlög til þess. Mikilvægt er að ríkið komi að áframhaldandi fjármögnun starfsendurhæfingar héraðs, enda í samræmi við skýrt markmið ríkisstjórnar að stuðla að aukinni endurhæfingu. Þá er það rekstrarlegt öryggisatriði fyrir VIRK að geta áfram haft tryggan varasjóð, enda forsenda starfsins að geta tryggt alla samningsskilmála þeirra fjölmörgu samninga sem gerðir eru við utanaðkomandi aðila. Starfsemin beinlínis byggir á slíkum samningum.



Sérstök athygli er vakin á því að í samkomulagi milli aðila sem gert var 2015 um tímabundna lækkun framlaga til VIRK var sérstaklega tekið fram að um tímabundna breytingu væri að ræða sem *mikilvægt væri að endurskoða þegar tekið yrði upp starfsgetumat í stað örorkumats* enda var sú breyting talin kalla á mikla aukningu í þjónustu hjá VIRK með tilheyrandi útgjaldaaukningu.

### Árangur og ábati af starfsemi VIRK

Á síðustu árum hafa um 2.300 nýir einstaklingar hafið þjónustu hjá VIRK á hverju ári og 1.600 – 1.800 útskrifast á ári hverju en þar af hafa um og yfir 80% verið komin í vinnu, virka atvinnuleit eða nám að þjónustu lokinni. Talnakönnun hefur frá árinu 2013 metið heildarávinning af starfsemi VIRK og nam hann 19,4 ma.kr á árinu 2023 eða sem nemur um 12 milljónum fyrir hvern útskrifaðan einstakling. Ljóst er því að þjóðhagslegur ávinningur af starfsemi VIRK er umtalsverður auk þess sem þjónustukannanir hafa ítrekað sýnt að einstaklingar sem fá þjónustu telja hana hafa haft mikil og jákvæð áhrif á sjálfsmynd sína og aukna vinnugetu og telja heilsu sína og lífsgæði mun betri við lok þjónustu en við upphaf hennar.

Þess er sérstaklega óskað að undirrituðum gefist kostur á að koma á fund fjárlaganefndar til að fara yfir þessar fyrirhuguðu breytingar.

### Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Sigríður Margrét Oddsdóttir

f.h. BHM

Kolbrún Halldórsdóttir

f.h. Kennarasambands Íslands

Magnús Þór Jónsson

f.h. Alþýðusambands Íslands

Finnbjörn A. Hermannsson

f.h. BSRB

Sonja Ýr Þorbergsdóttir

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir